

Ísafjarðarbær
Hafnarstræti 1
400 Ísafirði

Garðabær, 10. júní 2025
202505-0169/A.B.
08.01

Efni: Umsögn - Tillaga – Breyting á aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008–2020 - Seljalandshverfi, nýting jarðhita, Ísafjarðarbær.

Vísað er í erindi skipulagsfulltrúa Ísafjarðarbæjar vegna tillögu að breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008–2020 og nýs deiliskipulags fyrir Seljalandshverfi, sem barst Náttúruverndarstofnun 28. maí 2025.

Tillagan felur í sér að heimiluð verði nýting jarðhita í Tungudal til húshitunar, auk vinnsluholu, dæluhúss, hitaveitulagna og frekari jarðhitaleitar á svæði sem áður var að mestu ætlað íbúðarbyggð.

Tillagan nær til svæðis í mynni Tungudals, ofan og neðan Skógarbrautar, þar sem fyrirhuguð eru jarðhitamannvirki og stofnlagnir. Svæðið er gróið mólendi, í nágrenni við íbúðarbyggð og útivistarsvæði, og snertir hluta hverfisverndarsvæðis H6 við Skutulsfjörð.

Samantekt með áhersluatriðum

Jarðhitanyting getur haft eftirfarandi áhrif:

- Röskun á grónu mólendi og mögulegum fuglabúsvæðum.
- Sjónræn áhrif á íbúðarbyggð og útivistarsvæði í Tungudal.

Náttúruverndarstofnun telur nauðsynlegt að:

- Fram fari úttekt á vistgerðum og fuglalífi áður en leyfi eru veitt.
- Meta hvort framkvæmdin snerti vistgerðir sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga.
- Meta sjónræn áhrif og frágang dæluhúss og lagna.
- Lagning hitaveitulagnar yfir hverfisverndarsvæði sé útfærð með sem minnstri röskun, eftir vegum og þegar röskuðu landi.

Að mati stofnunarinnar þarf sveitarfélagið:

- Að útfæra skýrar áherslur um vernd náttúruverðmæta og mótvægisáðgerðir í skipulaginu sjálfu.
- Að fjalla um stefnu um vernd og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni, sbr. 22. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 og leiðbeiningar Skipulagsstofnunar.

Verndarsvæði og áhrif

Í greinargerð tillögunnar kemur fram að hitaveitulögn muni liggja um hverfisverndað svæði með lífauðugum fjörum, leirum og fuglalífi.

Að mati Náttúruverndarstofnunar þarf í greinargerð að sýna fram á að lagning lagnarinnar valdi ekki röskun á lífríki og dragi ekki úr verndargildi svæðisins. Til þess þarf að meta áhrif framkvæmda á fugla og búsvæði þeirra til styttri og lengri tíma og útfæra mótvægisáðgerðir eftir því.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Fróði Guðmundur Jónsson

sérfræðingur